

1757

Föstudaginn 18. desember 1987.

Nr. 353/1987. **Ákærvaldið**

gegn

Aðalsteini Guðlaugi Aðalsteinssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 15. þ.m. er barst sama dag. Hann krefst þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 14. desember 1987.

Ár 1987, mánudaginn 14. desember er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu að kærða, Aðalsteini Guðlaugi Aðalsteinssyni, fæddum 17.05. 1961 verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 21. desember n.k. kl. 17:00.

Kærði hefur ekki gert athugasemdir við kröfu RLR.

Málavextir eru þeir að sl. sunnudagsmorgun var óskað lögregluaðstoðar að X. Er lögreglan kom á vettvang hafði íbúi yfirbugað kærða og mæðgur sem búa í íbúðinni báru það á kærða að hann hefði leitað kynferðislega á dótturina sem er 10 ára gömul. Kvað stúlkan kærða hafa sleikt hana á öxl, kysst hana og reynt að þukla afturenda hennar.

Kærði hefur neitað sakargiftum. Kveðst hann hafa farið inn í íbúðina, sem var opin að hans sögn, og hafi komið til átaka milli hans og mæðgna. Kveðst kærði hafa gefið annarri hvorri utan undir. Samkvæmt gögnum málsins hlaut barnið skurð á vinstri augabrun.

Þar sem rannsókn máls þessa er á frumstigi og verulegt misræmi er í frásögn kærða og mæðgnanna, þykir rétt með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, að taka kröfu RLR til greina og skal kærði sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 21. desember n.k. kl. 17:00, enda er kærði grunaður um brot er getur varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Aðalsteinn Guðlaugur Aðalsteinsson skal sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 21. desember 1987 kl. 17:00.

Mánudaginn 21. desember 1987.

Nr. 345/1987. **Hörður Rist Ólafsson**

gegn

**heilbrigðisráðherra og
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs,
Ólafi Helga Grímssyni og
Sigmundi Sigfússyni**

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir.

Sóknaraðili hefur með heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 28. nóvember 1987, er barst 3. þ.m. Hann krefst þess, að frávísunardóminum verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið upp og halda því áfram þar sem frá var horfið. Sóknaraðili krefst og kærumálaskostnaðar.

Frá varnaraðilum hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir.

Fallast ber á, að málatilbúnaður sóknaraðila sé svo óskýr að stað-